

Fræðslufundur skrásetjara
30.5.2024

Verklag og skráning á rafrænu efni
ekki í áskrift

Rósa S. Jónsdóttir
Landskerfi bókasafna

Verklag og skráning á rafrænu efni

Rafrænu útgefnu efni á að skila til varðveislu – rétt eins og prentuðu efni.

Rafhlaðan er rafrænt varðveislusafn Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns. Markmið Rafhlöðunnar er að varðveita, skrá og veita aðgengi að öllum útgefnum rafrænum verkum Íslendinga.

Skráning rafrænna viðfanga – vefútgáfa, opin öllum og efni skilað í Rafhlöðu

Skráningarfærslur fyrir skýrslur íslenskra stofnana og fyrirtækja, og annað efni sem gefið er út á vef, ættu að innihalda bæði merkingar sem búa til rafrænar möppur í landskjarna og merkingar fyrir Rafhlöðu.

Þannig er bæði aðgengi á heimsvísu og framtíðar varðveisla efnisins tryggð.

Stofnanir taka breytingum, sundrast - sameinast, vefsíður eru lagaðar niður, það gleymist iðulega að huga að varðveislu rafræna efnisins.

Skil í Þjóðskjalasafn lúta öðrum lögmálum.

Verklag og skráning á rafrænu efni

Útgáfa stofnana – unnin fyrir almannafé

Skil á rafrænu efni, sem unnið er fyrir almannafé er í ólestri - lausleg athugun sýndi

Stofnun A – 2943 skjöl á vef stofnunar - 185 í Rafhlöðunni

Stofnun B – 1968 skjöl á vef stofnunar - 472 í Rafhlöðunni

Stofnun C - nokkur hundruð – 0 í Rafhlöðu

Verklag og skráning á rafrænu efni

Landsbókasafn og Landskerfi bókasafna hafa í sameiningu þróað verkferla til skráningar, birtingar og varðveislu útgefins rafræns efnis sem ekki er í áskrift.

Tvenns konar ferlar við skráningu.

- efni öllum opið, dæmi rannsóknaskýrslur unnar fyrir almannafé, rammaáætlun
- lokað efni, t.d. skýrslur verkfræðistofa unnar fyrir og greiddar af öðrum

Þriðji ferillinn – dauðum tenglum skipt út fyrir tengla í Rafhlöðunni.

- **forsenda þess að það sé hægt er að efninu hafi verið skilað í Rafhlöðuna**

Verklag og skráning á rafrænu efni

Söfn og stofnanir þurfa að skrá eigið útgefið efni í sínum safnakjarna.

Skráning er í samræmi við Handbók skrásetjara Gegnis, sjá <https://hask.landsbokasafn.is/>

Rafræn mappa – opið efni

Með sérstakri merkingu í 939 ## \$\$\$f nzp sviði og virkri vefslóð í 856 40 \$\$\$u verður til svokölluð rafræn mappa – portfolio með efninu í Landskjarna.

Slóðin er virk daginn eftir skráningu í Gegni.

Skil í Rafhlöðu

Með flokkstölu sem hæfir efninu í 082 ?4 \$\$\$a sviði og rafhlöðumerkingu 939 ## \$\$\$f rh skilar efnið sér til varðveislu í Rafhlöðuna.

Uppfærsla í Rafhlöðu er ekki jafn regluleg.

Nauðsynleg skráningaratriði

Nauðsynleg skráningaratriði - fyrir skil í Rafhlöðu og vefslóð/rafræna möppu í landskjarna

- **007** **cr#** || || || || || || || || || - sjálfgefið með færslusniðinu *bók rafr
- **082 ?4 \$\$a** **Flokkstala** - sem hæfir efninu sem verið er að skrá
- **856 40 \$\$u** **Virk vefslóð** - sem vísar á skjalið sem lýst í skráningarfærslunni
- **939 ## \$\$f** **rh** - stendur fyrir Rafhlaða - skilar efninu þangað til varðveislu
- \$\$f** **nzp** - network zone portfolio - rafræn mappa í landskjarna

Verklag við skráningu

- Skrá allt efni jafnóðum og það kemur út.
- Skráning sé komin í Gegni með virkri vefslóð í efnið um leið og það fer á vef.
- Gæta að merkingum sem skila efninu sjálfkrafa í Rafhlöðu og vefslóð í Gegni.
- Sjálfvirk afritun á vefslóð yfir í landskjarna er gerð í lok hvers dags.
- Efnið þar með leitarhæft og aðgengilegt á heimsvísu.

Dauðum tenglum skipt út fyrir Rafhlöðutengla

Starfsmenn Landsbókasafns og Landskerfis bókasafna hafa þróað verkferil til að skipta út dauðum tenglum í Gegni fyrir tengla í efnið í Rafhlöðunni.

Rafhlaðan er hugsuð/ætluð sem varðveislusafn og lýtur öðrum lögmálum en **virkar vefsíður**

Ferillinn var prófaður með efni frá Orkustofnun og Borgarsögusafni.

Forsenda þess er auðvitað að efninu hafi verið skilað í Rafhlöðuna í upphafi.

Þessi útskipting gerist ekki sjálfkrafa.

Verklag og skráning á rafrænu efni

Ítarlegar leiðbeiningar um þessa skráningarferla er að finna á Þjónustuvef Landskerfis bókasafna - -

Rafræn opin útgáfa – skráningarferill

<https://gegnir.freshdesk.com/support/solutions/articles/103000283480-rafraen-opin-%C3%BAtg%C3%A1fa-skr%C3%A1ningarferill>

Rafræn útgáfa – að búa til rafræna möppu í safnakjarna

<https://gegnir.freshdesk.com/support/solutions/articles/103000283482-rafraen-%C3%BAtg%C3%A1fa-a%C3%B0-b%C3%BAa-til-rafraena-m%C3%B6ppu-%C3%AD-safnakjarna>

